

## GJALDSKRÁ

### vatnsveitu á Keflavíkurlflugvelli.

#### 1. gr.

##### *Gjaldskylda.*

Isavia ohf. innheimtir gjald fyrir lagningu heimæðar skv. 5. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004.

Jafnframt innheimtir félagið vatnsgjald og notkunargjald skv. 6. og 7. gr. laganna.

#### 2. gr.

##### *Ráðstöfun gjalda.*

Tekjum Isavia ohf. vegna heimæðargjalds vatnsveitu skal varið til vatnsveituf framkvæmda og skal gjaldið taka mið af gerð, stærð og lengd heimæða.

Vatnsgjald, ásamt öðrum tekjum vatnsveitu, skal standa undir rekstri vatnsveitunnar, þ.m.t. fjármagnskostnaði, og fyrirhuguðum stofnkostnaði samkvæmt langtímaáætlun veitunnar.

#### 3. gr.

##### *Heimæðargjald vatnsveitu.*

Heimæðargjald vatnsveitu fylgir byggingarvísitölu. Grunnvísitala er byggingarvísitala júní 2009, 474,9 stig.

Þvermál heimæðar PE – mm	Verð í kr. miðast við byggingarvísitölu hvers mánaðar. Grunnvísitala er 474,9 stig í júní 2009	Verð í kr. pr. metra umfram 30 m
<=50	140.000	4.652
63-90	180.000	5.583
110-180	252.000	8.297

Gjöldin miðast við að ídráttarrör fyrir heimlagnir hafi verið lagt á frostfríu dýpi frá tengistað vatnsveitu Keflavíkurlflugvallar við lóðarmörk, að tengistað (inntaksstað) mannvirkis, og að lega og frágangur ídráttarrörsins hafi verið tekinn út og samþykktur af starfsmönnum vatnsveitu.

Innifalið í heimæðargjaldi er allt að 30 metra lögn. Ef heimæð er lengri en 30 metrar þá skal samið sérstaklega um heimæðargjald.

#### 4. gr.

##### *Aukagjöld vegna sérstakra aðstæðna.*

Við sérstakar aðstæður, s.s. vegna frosts í jörðu og sprengingar á klöpp skal greitt sérstakt álag er nemur 25% sem leggst ofan á heimæðargjald skv. 3. gr.

Heimilt er að krefja byggingaraðila um greiðslu fyrir tengingu og aftengingu á byggingarvatni samkvæmt útlögðum kostnaði vatnsveitu, sama gildir ef ídráttarrör vantar eða ídráttarrör reynast ónothæf.

#### 5. gr.

##### *Vatnsgjald.*

Árlega skal greiða vatnsgjald af öllum fasteignum í sveitarfélaginu sem vatns geta notið.

Álagningarstofn gjaldsins skal vera fasteignamat viðkomandi fasteigna. Fjárhæð gjaldsins skal nema 0,30% af fasteignamati viðkomandi fasteignar, ásamt lóð.

Greiða ber fullt vatnsgjald þótt lokað sé fyrir vatn skv. 28. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga.

## 6. gr.

*Notkunargjald.*

Þar sem vatn frá vatnsveitu er notað til atvinnustarfsemi eða annars en venjulegra heimilisþarfa skal innheimt sérstakt notkunargjald. Fjárhæð notkunargjalds er 13,70 krónur á rúmmetra (m<sup>3</sup>) vatns, skv. mælingu.

Notkunargjaldið tekur mið af vísitölu byggingarkostnaðar, grunnvísitala júnímánaðar 2009 er 474,9 stig. Gjaldið skal uppfært miðað við vísitöluhækkkanir fjórum sinnum á ári, í mars, júní, september og desember.

Í þeim tilvikum þegar um óvenjumikil kaup á vatni er að ræða eða vatn er keypt til sérstakrar framleiðslu er heimilt að gera sérstakt samkomulag við kaupanda um endurgjald fyrir vatnið.

## 7. gr.

*Mælaleiga.*

Þeim sem greiða skulu notkunargjald skv. 6. gr. skulu látnir í té vatnsmælar. Notandi skal sjá fyrir aðstöðu fyrir mæli. Vatnsveita er eigandi mælanna og skal greidd fyrir þá ársleiga sem hér segir:

<i>Stærð mælis</i>	<i>Mælaleiga á ári</i>
Mælir allt að og með 20 mm	6.000 kr.
Mælir 25-70 mm	12.000 kr.
Mælir 75 mm og stærri	24.000 kr.

Mælaleigan tekur mið af vísitölu byggingarkostnaðar. Grunnvísitala er vísitala júnímánaðar 2009, 474,9 stig. Vatnsveita annast og kostar eðlilegt viðhald vatnsmælis, en allar skemmdir af mannavöldum og frosti ber notanda að bæta. Fasteignareiganda ber að tilkynna vatnsveitu tafarlaust um bilanir eða skemmdir á vatnsmæli, er hann kann að verða var við. Ef innsigli vatnsmælis er rofið varðar það refsingu skv. almennum hegningarlögum.

## 8. gr.

*Gjalddagar.*

*Heimæðargjald:* Gjaldalagi heimæðargjalds vatnsveitu miðast við útgáfu byggingarleyfis. Í þeim tilvikum er lóðarhafi, með samþykki skipulags- og byggingarnefndar, nýtir lóð undir annað en byggingu miðast gjalddagi heimæðargjalds við tengingu heimæðar.

Gjöldin skulu greidd eða um þau samið innan 20 daga frá gjalddaga.

*Vatnsgjald:* Gjaldlagi vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og stjórn Isavia ohf. ákveður fyrir fasteignagjöld og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu annarra fasteignagjalda fasteignaskatts.

*Notkunargjald:* Gjaldlagi notkunargjalds eru á fjögurra mánaða fresti. Eindagi er 20 dögum eftir gjalddaga.

*Mælaleiga:* Gjaldlagi leigugjalds fyrir mæli er 1. febrúar. Eindagi er 20 dögum eftir gjalddaga.

## 9. gr.

*Greiðsluskilmálar.*

Heimilt er að semja um greiðslur heimæðargjalda vatnsveitu til allt að 18 mánaða frá gjalddaga. Allar greiðslur skulu bera almenna bankavexti.

## 10. gr.

*Innheimta o.fl.*

Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds og heimæðargjalds en notandi, ef hann er annar en fasteignareigandi, ber ábyrgð á greiðslu notkunargjalds.

Gjöldin njóta lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum í næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

Heimilt er að loka fyrir heimæðar hjá þeim sem vanrækja að greiða notkunargjald að undan-genginni skriflegri aðvörun.

Notkunargjald og leigugjald fyrir mæli, ásamt áföllnum kostnaði og vöxtum er heimilt að taka fjárnámi.

11. gr.

*Gildistaka.*

Gjaldskrá þessi, sem öðlast þegar gildi, er samin og samþykkt af stjórn Isavia ohf. með heimild í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga, 11. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 og III. kafla vatnalaga nr. 15/1923, sbr. 3. mgr. 9. gr. laga nr. 76/2008 um stofnun opinbers hlutafélags um rekstur Keflavíkurflugvallar o.fl. og 5. gr. laga nr. 153/2009 um samruna opinberu hlutafélaganna Flugstöða og Keflavíkurflugvallar.

*Samþykkt af stjórn Isavia ohf., 28. nóvember 2012.*

**Björn Óli Hauksson** forstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 4. desember 2012